

# Prag yfirlýsingin um eflingu upplýsingalæsis í samfélaginu

## The Prague Declaration – Towards an Information Literate Society

Við, þátttakendur á fundi sérfræðinga um upplýsingalæsi, sem stjórnskipuð bandarísk nefnd um bókasöfn og upplýsingafræði (US National Commission on Libraries and Information Science - NCLIS) og Þjóðarráðið um upplýsingalæsi (the National Forum on Information Literacy) skipulagði í Prag í Tékklandi með stuðningi UNESCO dagana 20. til 23. september 2003, gerum tillögur að eftirfarandi grundvallarviðmiðunum varðandi upplýsingalæsi:

- Myndun upplýsingasamfélags er lykill að félagslegri, menningarlegri og efnahagslegri þróun þjóða og sveitarfélaga, stofnana og einstaklinga á 21. öldinni og áfram.
- Upplýsingalæsi, sem felur í sér þekkingu á eigin upplýsingaþörfum og hæfileikanum til að staðsetja, finna, meta, skipuleggja og nota á skilvirkan hátt upplýsingar við að fjalla um þau málefni og viðfangsefni sem eru til staðar, er forsenda þess að taka fullan þátt í upplýsingasamfélaginu og er hluti af þeim grundvallar mannréttindum að njóta símenntunar.
- Upplýsingalæsi, ásamt aðgengi að nauðsynlegum upplýsingum og skilvirkri notkun upplýsinga og samskiptatækni, er eitt aðalatriðið við að mjókka stafrænu gjána (e. digital divide) innan hvers lands og landa í millum og við að efla umburðarlyndi og gagnkvæman skilning með notkun upplýsinga í fjölmennningarlegu og fjöltyngdu samfélagi.
- Stjórnvöld ættu að þróa vandaðar þvergreinanámskrár til eflingar upplýsingalæsi á landsvísu. Þær eru nauðsynlegar til að loka stafrænu gjánni og skapa upplýsingalæsa borgara, skilvirkt borgaralegt samfélag og samkeppnishæft vinnuafl.
- Upplýsingalæsi snertir alla þætti samfélagsins. Hver þeirra um sig ætti að sníða upplýsingalæsi að sínum sértæku þörfum og samhengi.
- Upplýsingalæsi ætti að vera órofa hluti af menntun fyrir alla og getur lagt sinn skerf að mörkum til að ná fram Árpúsundamarkmiðum Sameinuðu þjóðanna (United Nations Millennium Development Goals).

Með skírskotun til textans hér að framan leggjum við til að stjórnvöld, almenningur og alþjóðasamfélagið taki eftirfarandi stefnumörkun til alvarlegrar athugunar:

- Alþjóðasamfélagið ætti að skoða þann möguleika að taka upplýsingalæsi með í Áratug Sameinuðu þjóðanna um læsi (2003-2012) (UN Literacy Decade).
- Framvindu og tækifæri til að koma ofangreinum tillögum í framkvæmd ætti að meta á alþjóðlegri ráðstefnu um upplýsingalæsi sem skipuleggja mætti árið 2005.

Fundinn í Prag um upplýsingalæsi sátu 40 þátttakendur frá 23 löndum frá öllum sjö helstu landsvæðum veraldar. Þátttakendum var boðið sérstaklega til ráðstefnunnar.

Fram að þessu þykja framfarir í upplýsinga- og samskiptatækni frekar hafa stuðlað að því að breikka stafrænu gjána milli þeirra sem hafa ríkulegan aðgang að upplýsingum (information rich) og þeirra sem lítinn aðgang hafa að upplýsingum (information poor). Þátttakendur á Prag fundinum settu fram þrjú undirstöðuatriði til að bæta ástandið: 1) Gott aðgengi að upplýsingum og samskiptatækni. 2) Ótakmarkað aðgengi að þeim upplýsingum sem á þarf að halda. 3) Upplýsingalæsi borgaranna. Þeir voru sammála um að upplýsingalæsa borgara þarf til að samfélagið verði skilvirkt og vinnuaflið samkeppnishæft. Upplýsingalæsi væri forsenda þess að taka fullan þátt í upplýsingaþjóðfélaginu.

Yfir 30 fyrirlestrar voru undirbúnir fyrir fundinn í Prag og mynduðu þeir umræðu-grundvöll fundarins. Sjá nánar um ráðstefnuna á Netinu, t.d. skýrslu eftir Peter G. Underwood á slóðinni <http://www.ched.uct.ac.za/cil/Prague2003/Report.htm>

Eins og fram kemur í umfjölluninni um CKIII hér að framan verður umrædd ráðstefna haldin í Kaupmannahöfn árið 2005.

*Þórdís T. Þórarinsdóttir*

Birtist í Fregnum 3/2003, s. 28-29